

Alþingi
Hildur Edwald - Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Akureyri, 15. mars 2022
Tilv.2022-03-02-1333

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (eftirlit Fiskistofu o.fl.), 386. mál.

Vísað er til erindis frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 1. mars 2022, þar sem óskað er umsagnar Fiskistofu um ofangreint frumvarp.

Íslenskur sjávarútvegur státar af hátæknifyrirtækjum í fremstu röð og fiskveiðistjórnunarkerfi sem stuðlar að sjálfbærum veiðum. Sjávarútvegur er veigamikil atvinnugrein og standa ríkir hagsmunir til þess að eftirlit með umgengni og nýtingu sjávarauðlindarinnar sé traust og í samræmi við lög. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá desember 2018 var talið að ráðast þyrfti í ýmsar úrbætur hjá Fiskistofu til að hún gæti sinnt eftirliti með skilvirkum og árangursríkum hætti. Fiskistofa telur að með frumvarpinu séu fyrstu skrefin stigin til að bregðast við þeim atriðum sem þar eru tilgreind sem og tillögum verkefnastjórnar um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni sem fram komu í skýrslu verkefnastjórnarinnar frá júní 2020.

Með frumvarpinu er lagt til að heimildir Fiskistofu til að sinna rafrænu eftirliti verði styrktar. Fiskistofa telur rafrænt eftirlit vera nauðsynlega og eðlilega framþróun til að efla eftirlit með fiskveiðiauðlindinni og hefur þegar hafið undirbúning á því að gera stofnuninni kleift að takast á við þá ábyrgð sem fylgir slíku eftirliti. Fiskistofa skipaði persónuverndarfulltrúa árið 2018. Þá hlaut stjórnkerfi upplýsingaöryggis Fiskistofu vottun samkvæmt ISO27001 sumarið 2021. Stofnunin er því vel í stakk búin til að takast á við aukna ábyrgð sem leiðir af rafrænu eftirliti með tilliti til persónuverndar og upplýsingaöryggis.

Meðfylgjandi eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. gr. frumvarpsins – aflaupplýsingar

Til að eftirlit sé skilvirkt og árangursríkt þurfa lög og reglur að taka mið af framþróun í atvinnugreininni og kröfum sem gerðar eru til aukins rekjanleika sjávarafurða. Fiskistofa hefur undanfarið verið með í þróun vefþjónustur sem taka á móti aflaupplýsingum með stafrænum hætti. Slík skráning aflaupplýsinga er til þess fallinn að bæta eftirlit með lönduðum sjávarafli og rekjanleika aflans.

Fiskistofa bendir á að betur gæti farið á því að nota orðið „stafrænt“ í stað orðsins „rafrænt“.

Að mati Fiskistofu er nauðsynlegt að aflaupplýsingum sé skilað í gegnum vefþjónustur Fiskistofu með sjálfvirkum hætti, en vefþjónustur gera okkur kleift að tengja saman upplýsingar

á milli ólíkra kerfa. Að öðrum kosti nást ekki þau markmið sem að er stefnt með skilum á aflaupplýsingum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ráðherra sé falið að kveða m.a. á um form og skil aflaupplýsinga til Fiskistofu.

10. gr. frumvarpsins – gjaldtökuheimild Fiskistofu

Skylda Fiskistofu til að leggja til afladagbækur var afnuminn með lögum nr. 88/2020. Því er rétt að fella 12. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1992 á brott eins og lagt er upp með í 10. gr. frumvarpsins.

Fiskistofa hefur komið að hönnun stafrænna lausna við skil á aflaupplýsingum með sértökum styrk frá ráðuneytinu. Slík lausn hefur einnig verið hönnuð og þróuð af markaðsaðilum og fleiri aðilar lýst yfir áhuga í þá veru.

Bent er á að komi til þess að Alþingi eða ráðuneytið feli Fiskistofu að sjá um hönnun, þróun og rekstur hugbúnaðar til að skila aflaupplýsingum þyrfti að koma til sérstök gjaldtökuheimild til handa Fiskistofu.

11. gr. frumvarpsins - samstarf um rafrænt eftirlitskerfi í fiskveiðiskipum

Lagt er til að Fiskistofu verði heimilt að fara í samstarf við útgerðir varðandi tilraunaverkefni um rafrænt eftirlitskerfi í fiskveiðiskipum. Fiskistofa telur slíkt samstarf nauðsynlegt skref til að færa fiskveiðieftirlit til samræmis við það sem þekkist við hjá öðrum fiskveiðiþjóðum sem teljast vera í fremstu röð. Nauðsynlegt er að heimilt sé að viðhafa slíkt samstarf til lengri tíma en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, a.m.k. í 2 ár frá gildistöku laganna.

Fiskistofa styður efni frumvarpsins og telur að efni þess stuðli að því að eftirlit með umgengni og nýtingu sjávarauðlindarinnar verði skilvirkara og árangursríkara.

F.h. Fiskistofu



Ögmundur Haukur Knútsson